

Aðalfundur ÆSKP

Neskirkju og á Zoom

3 | Mars | 2021 | 17:00

EFNISYFIRLIT

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR	3
SKÝRSLA FORMANNS 2020	4
SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA ÆSKÞ	7
STARFSÁRIÐ 2020	7
SKÝRSLA LANDSMÓTSSTJÓRA	11
STARFSÁÆTLUN ÆSKÞ FYRIR ÁRIÐ 2021	15
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021	17
ÁRSREIKNINGUR 2020	18
ÖNNUR MÁL	25

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

Fundurinn hefst klukkan 17:00

Kosning fundarstjóra

Kosning ritara

Skýrsla fomanns

Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla landsmótsstjóra

Ársreikningur

Starfsáætlun 2021

Fjárhagsáætlun 2021

Kosningar

 Kosning formanns til tveggja ára (1)

 Kosning gjaldkera til tveggja ára (1)

 Kosning varamanna til eins árs (5)

 Kosning skoðunarmanna reikninga til eins árs (2)

Önnur mál

SKÝRSLA FORMANNS 2020

Starfsárið 2020 – 2021 hófst með krafti en í lok Janúar stóð ÆSKP fyrir frábæru og lærdómsríku janúarnámskeiði á á Hótel B59 í Borgarnesi. Sölvi Tryggvason hélt fyrirlestur um heilsu og hugarfar og hvernig við getum vaxið sem einstaklingar bæði í einkalífi og starfi. Við fengum góðar móttökur í Borgarneskirkju og var öll aðstaða á hótelinu til fyrirmynnar. Það er nauðsynlegt fyrir æskulýðsfulltrúa og leiðtoga kirkjurnnar að hafa tækifæri til að efla sig í starfi sem og að hitta kollega sína utan dagskrár. Þess vegna höfum við sitjandi stjórn ÆSKP lagt mikið upp úr janúarnámskeiðinu og viljum við sjá það festa sig enn frekar í sessi í hópi starfsfólks æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar.

Stuttu eftir Janúrnámskeiðið fóru tveir fulltrúar stjórnar þær Jóhanna Ýr formaður og Katrín Helga gjaldkeri auk Jónínu Sifjar framkvæmdarstjóra á aðalfund European Fellowship. Stjórn ÆSKP hefur lagt til að tveir fulltrúar ÆSKP sitji að jafnaði aðalfundi EF í framtíðinni. Það er mikilvægt að sem flestir í stjórninn kynnist því áhugaverða starfi sem unnið er innan EF og aðildarfélaga þess. Það var góður andi á fundinum og ánægjulegt að kynnast leiðtogum frá öðrum löndum. Í gengum alþjóðlegt samstarf á borð við EF býðst íslenskum æskulýðsfélögum tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegum æskulýðsmótum og er það von okkar að félögin nýti sér það, til að mynda er mjög spennandi fjölskyldumót í Finnalandi í júlí 2023.

4. mars rétt áður en samkomutakmarkanir skullu á var aðalfundur ÆSKP haldinn. Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður sköpuðust. Það skiptir miklu máli í starfi félagasamtaka á borð við ÆSKP að aðildarfélögin láti sig störf stjórnar varða og taki þátt í aðalfundi. Hvert aðildarfélag hefur atkvæðisrétt tveggja fulltrúa í kosningum. Á fundinum voru fluttar skýrslur ársins, starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikningur og eru þessi gögn aðgengileg á vefsíðunni. Ný stjórn var kosin á fundinum, í aðalstjórn ÆSKP: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir formaður, Katrín Helga Ágústsdóttir gjaldkeri, Daníel Águst Gautason ritari, Erna Kristín Stefánsdóttir og Hákon Darri Egilsson. Í varastjórn voru kosin: Berglind Hönnudóttir, Jens Elí Gunnarsson, Anna Lilja Steinsdóttir, Sóley Adda og Aldís Elva Kvaran.



Hlut af stjórn 2020-21

Heimsfaraldur Covid-19 hafði að töluverð áhrif á starf ÆSKP, viðburðum á borð við Kirkjuþing ungafólksins var frestað og litlu mátti muna að fulltrúar ÆSKP á Easter Course yrðu strandaglópar í Rúmeníu. Þá fóru flest allir stjórnarfundir sem og Landsmótsnefndar fundir ársins fram á fjarfundi.

Það má með sanni segja að ÆSKP hafi gripið hvern óvænta boltann á fætur öðrum og tekist á við þetta ástand með æðruleysi. Framkvæmdastjóri og stjórn voru uppfyll af hugmyndum hvernig væri hægt að bregðast við gerðu sitt allra besta til að vera til staðar fyrir unga fólk ið okkar. Það má t.d nefna að ÆSKP stóð fyrir netratleiknum Goose chase sem vakti mikla lukku yfir pásakana.

Sem samtök höfum við það að markmiði að efla folk í leik og starfi og veita góða ráðgjöf. Raðgjafarhlutverk ÆSKP er eitt af því sem við í núverandi stjórn vildum efla og vonast ég til að ný stjórn haldi áfram á sömu braut. ÆSKP býr yfir miklum mannauði sem hægt er að nýta til að hvetja leiðtoga og æskulýðsfulltrúa víðsvegar um landið. Einnig til að veita aðstoð við að efla æskulýðsstarfið í landinu. Koma þarf á markvissum samskiptum á milli t.d með áframhaldandi mánaðarlegum fundum hvort sem það er á staðnum eða í fjarfundi, símtali frá stjórnarmeðlimum eða framkvæmdarstjóra og öflugum námskeiðum eins og janúarnámskeiði ÆSKP.

Til stóð að halda landsmót ÆSKP á Sauðárkróki á nýliðnu starfsári. Við Jónína fórum í góða skoðunarferð á Sauðárkrók í júní og komumst að því sem við reyndar vissum að aðstæður og innviðir til að halda landsmót á Sauðárkróki eru eins og best verður á kosið. Móttökur voru einnig til fyrirmynadar og augljóst að Sauðkræklingar eru alvanir að taka á móti hópum sem þessum. Haldið var í vonina fram eftir sumri að mótið skyldi haldið eins og planað var. Mótinu var að lokum frestað fram í nóvember en Landsmótsnefnd og framkvæmdarstjóra tókst að halda algjörlega frábært netlandsmót.

Landsmót ÆSKP er eitt af flaggkipum felagsins það er markmið ÆSKP að vanda sem fyrr að því verkefni, æskulýðsstarfinu í landinu til heilla. Mig langar að enda á því að þakka framkvæmdarstjóra, landsmótsstjóra og stjórn fyrir vel unnin störf á árinu og hugrekki við að takast á við nýjar, óvæntar og krefandi aðstæður. Landsmótið fór fram með breyttu sniði en það tókst ákaflega vel og netlandsmót ÆSKP „live landsmót“ væntanlega eina landsmótið á Íslandi sem haldið hefur verið með fjarfundabúnaði. Aðstæður á Íslandi eru sem betur fer að breytast og við skulum vona að Landsmót ÆSKP 2021 fari fram á Sauðárkróki nú í ár!

Þar sem ég gef ekki kost á mér áfram sem formaður ÆSKP langar mig að þakka stjórninni og framkvæmdarstjóra fyrir lærðómsríkan tíma og frábært samstarf. Ég ætla líka fyrirfram að óska nýrri stjórn til hamingju og velgengni í nýjum verkefnum.

Skyrslu stjórnar vil ég enda á bæn sem Eygló Jóna Gunnarsdóttir fyrrum djákni við Selfosskirkju kenndi mér þegar ég hóf míni fyrstu skref sem æskulýðsfulltrúi.

Verkin mín Drottinn þóknist þér,
þau láttu allvel takast mér.
Ávaxtasöm sé iðjan míni,
yfir mér hvíli blessun þín.
(Hallgrímur Pétursson)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
formaður ÆSKP

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA ÆSKP STARFSÁRIÐ 2020

Janúarnámskeið

ÆSKP stóð fyrir Janúarnámskeiði fyrir leiðtoga í æskulýðssstarfi dagana 24. – 25. janúar 2020. Námskeiðið fór fram á Hótel B59 í Borgarnesi, hentaði sú staðsetning vel þar sem þáttakendur gátu nýtt sér strætisvagnaferðir og því var hægt að halda rútukostnaði í lámarki. Námskeiðið hófst á skoðunarferð í Borgarneskirkju þar sem Heiðrún Back tók á móti okkur. Eftir heimsóknina og kvöldmat var hugflæði fundur með leiðtogum um æskulýðssstarf og framhaldi af því skemmtidagskrá. Það er ákaflega mikilvægur þáttur í starfi æskulýðsleiðtoga að fá tækifæri til að hitta kollega og bera saman bækur sínar og styrkja vinartengsl. Á laugardagsmorgun var fengum við síðan frábæran fyrilestur frá Sölvu Tryggvasyni sem hélt fyrilestur um heilsu og hugarfar og hvernig við getum vaxið sem einstaklingar bæði í einkalífi og starfi.

Erlent samstarf

ÆSKP er aðili að European fellowship of Christian youth, EF. Árið 2020 var eins og hjá öllum öðrum öðruvísi en lagt var upp með. Fyrsti viðburður ársins gekk þó vel en þá var BE1 Ecumenical Course, haldinn í Kaupmannahöfn. Þangað lögðu 25 einstaklingar leið sína frá Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Grikklandi, Englandi, Ungverjalandi, Indlandi, Slóvakíu, Frakklandi, Rúmeníu og Kýpur.

BE1 var upphaflega samstarsfsverkefni EYCE (Ecumenical youth counsel of Europe) og EF en ábyrgð á verkefninu árið 2020 var herðum EF ásamt FDF í Danmörku og CEC. Markmiðið er að opna á samtal milli mismunandi kirkjudeilda og deila hugsjónum.

Aðalfundur European Fellowship árið 2020 fór fram helgina 7.-9. febrúar 2020. Að þessu sinni var það Finnska sambandið Nuori Kirkko sem hélt utan um fundinn. Fundarstaðurinn var heldur óhefðbundinn, en hagkvæmasti kosturinn var að funda um borð í skipinu M/S Mariella sem siglir á milli Helsinki og Stokkhólms.

Fundurinn var vel sóttur, það eru alltaf áskoranir að standa að alþjóðlegu ungmennastarfi og mikilvægt að stilla saman strengi. Fulltrúar Íslands að þessu sinni voru Jónína Sif framkvæmdastjóri ÆSKP, Jóhanna Ýr Formaður og Katrín Helga gjaldkeri. Sigurður Óskar sat einnig fundinn en hann var að ljúka síðasta ári sínu í stjórn EF. ÆSKP og EF þakka honum kærlega fyrir vel unnin störf.

Fundurinn var að venju mestu helgaður venjubundnum aðalfundarstörfum, en auk þess gafst líka tími til að ræða æskulýðsmálín í hverju landi fyrir sig. Það er mikilvægt að fá tækifæri reglulega til að hitta annað æskulýðsstarfsfólk og bera saman bækur sínar. Við erum öll að glíma við svipuð vandamál og samskonar sigra í okkar starfi, þvert á landamæri og því frábært að geta deilt reynslu og lært af öðrum. Þar sem við fundum fyrir mikilli þörf félagana á að funda enn frekar var ákveðið að boða til auka fundar í September 2020. Sem síðar var frestað til 2021.

Easter Course sem og allir aðrir viðburðir sem á dagskrá voru eftir aðalfund voru feldir niður vegna Covid-19. Hinsvegar hafa formenn og framkvæmdastjórar aðildarsambandanna átt í reglulegum samskiptum á árinu og deilt hugmyndum um hvernig hægt sé að mæta ungu fólkí á þessum flóknu tímum og sannaði tilvist EF gildi sitt enn betur enn oft áður því þessi samtöl voru okkur öllum mikilvæg.

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögini okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem við getum haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum.

PÁSKARATLEIKUR ÆSKP

Um páskana efndi ÆSKP til páskaratleikjar. Hugmyndin var að bjóða upp á afþreyingu á tímum samkomu takmarkana. Nýttum við forritið Goose Chase til að setja upp rafrænan ratleik sem opin var í yfir páskahelgina. Þátttaka í leiknum var fór fram úr björtstu vonum og var virkilega skemmtilegt að fylgjast með þátttakendum leysa úr fjölbreyttum verkefnum oft í samvinnu með örðum fjölskyldumeðlimum.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins (KUF) var er að venjulega haldið í Maí, en sökum Covid-19 faraldursins og óvissunnar í kringum hann var ákveðið að fresta KUF fram á haustið. Því miður

vildi ekki betur til en svo að þegar komið var að því að halda fundinn voru aftur komnar samkomutakmarkanir. Var ákveðið eftir samráð við fulltrúa KUF og Biskupsstofu að fella KUF niður þetta árið í stað þess að halda það á netinu. Þingið árið 2021 verður því það 15 í röðinni.

Mikil vinna og metnaður liggur jafnan að baki KUF og hlökkum við því til að taka upp þráðinn í vor. Hvert prófastsdæmi á two fulltrúa sem sitja þingið og munu þeir fulltrúar sem áttu sæti 2020 halda því árið 2021.

GLEÐIGANGAN

Gleðigöngunni var eins og mörgum öðrum viðburðum þessa árs frestað, hún er öllu jafnan hápunktur Hinsegin daga og ÆSKP leggur alltaf mikinn metnað í þátttöku sína í göngunni. Í stað þess að hópast saman og ganga var hvatt til þátttöku í „#Gleðigangan mín“ þar sem þátttakendur voru hvattir til að leggja af stað í göngu, taka með sér fána, skreyta sig eða gera hvað sem viðkomandi þykir við hæfi til þess að sýna viðburðinum virðingu sína. ÆSKP hvatti kirkjur landsins til þess að flagga hinsegin fánanum, fjalla um réttindabaráttu hinsegin fólks í sunnudagsmessunni og bjóða upp á göngu í tengslum við messuna.

HAUSTNÁMSKEIÐ

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga þann 23. September á ZOOM. Í ár var boðið upp á námskeiðið „Verndum þau! – Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglungum“ Fyrirlesari var Ólöf Á. Farestveit. Fjallið hún meðal annars um tilkynningarskyldu starfsmanna sem vinna með börnum og unglungum vegna gruns um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu hvers konar. Hún fræddi þátttakendur um það hvernig ætti að taka á móti ofbeldisfrásögn og hvaða reglur skuli hafa í samskiptum við börn og ungmenni. Auk þess að deila með okkur þeim úrræðum sem eru í boði í samféluginu fyrir börn og unglings sem eru þolendur ofbeldis

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmót ÆSKP hafði verið skipulagt á 30. okt – 1. nóv. á Sauðárkróki. Mikill undirbúningur hafði átt sér stað og vorum við lengi bjartsýn á að við gætum haldið mótið þar sem í sumar lok var fjöldi smita í lágmarki. Höfðum við fengið leyfi fyrir mótinu frá almannavörnum og allt leit vel út. En því miður kom þó hin svokallaða þriðja bylgja stuttu seinna og ljóst að ekki væri hægt að halda mótið með þeim hætti sem vanalegt er.

Landsmótsstjóri, Kristján Águst Kjartansson ákvað þá ásamt framkvæmdastjóra og mótsnefnd að fresta mótinu um tvær vikur og endurskipuleggja mótið svo hægt væri að halda það í gengum netið.

Nú þurfti að leggjast í ný verkefni, en með samstilltu átaki var útbúin fræðandi og skemmtileg dagskrá laugardaginn 14. nóvember. Þátttakendur tóku þátt í gegnum Zoom og sett var upp stjórnstöð fyrir mótið í Grensáskirkju. Mótið var sett sett af Agnesi M. Siguðardóttur Biskup. Sr. Sindri Geir sá um fræðsluna. Að fræðslunni lokinni var boðið upp á hópastarf með því að nýta svo kölluð „Breakout rooms“ á Zoom. Í hópastarfinu var boðið upp á allskonar leiki, samtal og samveru. Eftir það hófst svo netratleikurinn Gríptu Gæsina. Að því loknu var svo spurningakeppni æskulýðsfélaganna á dagskrá. Á alvöru landsmóti þarf svo alltaf að vera kvöldvaka og tókst hún með eindæmum vel. Tónlistaviðburðurinn var heldur ekki af verri endanum enda komu þeir bræður Jón Jónsson og Friðrik Dór og gjörsamlega heilluðu alla upp úr skónum með frábæri og einlægri framkomu sinni. Þátttakendur tóku vel undir í söng og spjalli og úr varð einstök upplifun. Mótinu lauk svo á helgistund.

Þetta móti hefði ekki verið framkvæmanlegt nema vegna þess hversu frábærir leiðtogar finnast innan ÆSKP sem voru til í að leggja verkefninu lið, taka að sér dagskárliði, búa til video innslög og hvetja þátttakendur. Það var líka ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með þátttakendum kynnast í gegnum netið, hjálpast að við úrlausn verkefna og deila reynslu sinni og gleði. Þetta móti kenndi án efa okkur öllum margt.

LEIÐTOGASKÓLINN

Leiðtogaskólinn hefur um árabil verið fastur liður í leiðtoga þjálfun kirkjunnar og hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur þáttur í nýliðun og eflingu æskulýðsstarfs. Leiðtogaskólinn er metnaðarfullt verkefni sem byggist upp á tíu samverum á ári í tvö ár, þar sem þátttakendur læra að bera ábyrgð á æskulýðsstarfi, hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem upp geta komið og margt fleira.

Leiðtogaskólinn hefur í veturna verið starfræktur í Reykjavík fyrir ungleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu og á austurlandi og norðurlandi í samstarfi við ÆSKA, ÆSKY og Biskupsstofu.

*Virðingarfyllst,
Jónína Sif Eyþórsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP*

SKÝRSLA LANDSMÓTSSTJÓRA

Live Landsmót ÆSKP 14. nóv 2020



Landsmót ÆSKP á ári hverju á sér langan aðdraganda og undirbúningstíma sem hefst á því að dagsetning og staður er kynntur við lok Landsmóts árið áður. Landsmót 2020 var áförmáði 30. okt - 1. nóv 2020 á Sauðárkróki. Eins og gefur að skilja átti heimsfaraldur COVID-19 eftir að setja mark sitt á undirbúning mótsins sem leiddi af sér nýja gerð Landsmóts ólíka nokkru því sem áður hefur verið.

Mótsnefnd

Mótsnefnd ÆSKP 2020 var skipuð fólk sem tókst á við þetta erfiða og óvenjulega verkefni af innblæstri og örlæti á tíma sinn og orku. Í mótsnefnd störfuðu: Aldís Elva, Anna Lilja, Berglind, Daniel Águst, Jens Elí, Katrín Helga og Konný Björg. Ásamt nefndarfólkji önnuðust umsjón mótsins Jónína Sif, framkvæmdarstjóri ÆSKP og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Landsmótsstjóri og Kristján Águst Kjartansson sem tók við hlutverki Landsmótsstjóra í september.

Undirbúningur

Snemma árs 2020 skall á heimsfaraldur covid-19 en undirbúningur Landsmóts hélt áfram í þeirri von að það ástand sem því fylgdi yrði yfirstaðið áður en að Landsmóti kæmi í lok október. Um haustið voru enn samkomutakmarkanir í gildi í samfélaginu en 8. sept. fengust

þau svör frá embætti sóttvarnalæknis að heimilt væri að halda móti með allt að 200 þátttakendum þar sem gætt væri að sóttvörnum og miðaðist undirbúningur þá enn við það að haldið yrði lítið móti á Sauðárkróki. En heimsfaraldurinn hélt áfram að láta finna fyrir sér og versnuðu aðstæður aftur mjög fljótt. Áður en september leið var ljóst að ekki yrði ráðlegt eða leyfilegt að halda móti með hefðbundnu sniði síðar á misserinu.

Við undirbúning móts sem þessa eru gjarnan gerðar fleiri en ein áætlun til vara til að bregðast við óvæntum uppákomum. Í september var því fókusinn settur á plan b sem var Landsmót sem færi þannig fram að ákveðnir sameiginlegir liðir dagskrár færi fram í gegnum fjarfundarbúnað og aðrir liðir færu fram í heimabyggð hvers þátttökufélags fyrir sig. Þátttakendur tengdust þannig vítt og breytt um landið og nytu og leggdu fram atriði í sameiginlega útsendingu og þess á milli tækju þátt í viðburðum sem leiðtoga í þeirra söfnuði önnuðust.

Því miður héldu aðstæður til samkomuhalds áfram að versna og ekki reyndist lengur hægt að kalla saman ungmenni í heimabyggð og í flestum hlutum landsins voru æskulýðsfundir haldnir rafrænt eða lágu niðri. Því var ákveðið að útfæra Landsmót sem alfarið færi fram í gegnum fjarfundarbúnað án nokkurrar hópamynndunar og ungmenni tengdust mótinu heiman frá sér.



Dagskrá

Sett var upp metnaðarfull dagskrá á laugardegi frá klukkan 11 til 18. Mótsnefnd ásamt þeim fjölmörgu sem lögðu sitt að mörkum við undirbúning og framkvæmd eiga skilið bestu þakkir og hrós fyrir frammistöðu sína í þessu nýja og óreynda verkefni.

Live Landsmót fór fram í gegnum Zoom og samanstóð af bæði dagskráliðum í beinni útsendingu og liðum sem voru fyrirfram teknir upp. Dagskrá hófst á ávarpi og mótssetningu Biskups. Því næst annaðist sr. Eva Björk Valdimarsdóttir helgistund og Ásta Elínardóttir spilaði á hljóðfæri. Eftir það tók við fræðslustund í umsjón sr. Sindra Geirs Óskarssonar sem fjallaði um samskipti, við okkur sjálf, náungann og umhverfið og Guð. Klukkan tólf var svo komið að rafrænu hópastarfi þar sem þáttakendur gátu valið úr fjölda sýndarherbergja og tekið þátt í ýmiskonar leikjum og starfi. Að loknu hópastarfi hófst stærðarinnar ratleikur þar sem notast var við Goosechase forritið og stillt þar upp fjölda verkefna, þrauta og leikja sem þáttakendur gátu leyst í nærumhverfi sínu og fengið fyrir það stig og unnið til verðlauna.



Klukkan fjögur var svo komið að spurningakeppni sem fór fram í beinni útsendingu. Spyrlar voru Katrín Ragna Jóhannsdóttir og Bjarki Birgisson. Verðlaun fyrir ratleik og spurningakeppni voru gjafakort í versluninni Spilavinir. Berlind Hönnudóttir stýrði því næst kvöldvöku í beinni útsendingu og naut til þess aðstoðar Sóleyjar Öddu og Aldísar Elvu. Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur kom fram og flutti tónlist og færði ungmannunum hvatningarorð. Sigurður Óskar stýrði heimaleikfimi í léttum dúr á kvöldvökunni og hitaði mannskapinn upp fyrir lokagesti kvöldvökunnar sem voru bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór sem settu stuðið í hæsta gír með tónlist, glensi og spjalli við þáttakendur. Dagskránni var svo lokað með helgistund í umsjá sr. Dags Fannars Magnússonar og mótsslit landsmótsstjóra, þar sem tilkynnt var um Landsmót ÆSKP 2021 á Sauðárkróki.

Að lokum

Framkvæmd Live Landsmóts tókst í alla staði vel og dagskrá og þátttaka fór fram úr vonum þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samféluginu og óreynt fyrirkomulag. Með þessu Landsmóti

eignaðist ÆSKP og þau sem að því stóðu mjög mikla nýja reynslu sem mun nýtast við nýsköpun í starfi og næstu Landsmót jafnvel þegar heimsfaraldur verður yfirlægðinn.

Samvinna nefndar, framkvæmdarstjóra og landsmótsstjóra einkenndist af gleði, lipurð og bjartsýni og velvild og stuðningur innan og utan Kirkjunnar var víða auðsýndur. Öll þau sem komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins eiga mínar bestu þakkir. Þeirra framlag og vinna skilaði sér í farsælu móti sem hægt er að minnast með stolti.

*Kristján Ágúst Kjartansson
Landsmótsstjóri ÆSKP 2020*

STARFSÁÆTLUN ÆSKP FYRIR ÁRIÐ 2021

BE1 – Ecumenical course

Námskeið á vegum European fellowship um samkirkjulegmálefni átti að fara fram í London 15.-18. janúar 2021 var frestað.

Janúarnámskeið

Leiðtoganámskeið með áherslu á sjálfstyrkingu, hinsegin fræðslu og hugvekjugerð fór fram þann 13. janúar. Námskeiðið mæltist vel fyrir og var skráning mjög góð. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir flutti fyrirlestur um hugleiðingagerð, þær María og Ingileif hjá Hinseginnleikanum fjölluðu um það að vera hinsegin unglingsur og Beggi Ólafs fjallaði um Tíu skref – í átt að innihaldsríku lífi. Námskeiðið fór fram á Zoom og var frítt fyrir alla þátttakendur.

Aðalfundur European Fellowship

Aðalfundur EF fór fram þann 20. Febrúar á Zoom. Fulltrúar ÆSKP voru að þessu sinni Jónína Sif, Berglind, Anna Lilja og Aldís.

Aðalfundur ÆSKP

Fundurinn fer fram 3. mars í Neskirkju. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið verður um formann og gjaldkera til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs.

Vaktu með Kristi - VMK

ÆSKP hefur sett saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi, hugmyndin er að félögin geti boðið til gistenætur í kirkjunni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Skjalið er aðgengilegt á heimasiðu ÆSKP.

Easter Course

Hið árlega Easter Course mun að þessu sinni fara fram 26-28 mars, námskeiðið er á vegum European Fellowship. Í ár verður námskeiðið á netinu og yfirskriftin er: „Rethink“. Skráning á námskeiðið er enn opin og hvetjum við alla leiðtoga á aldrinum 18-30 ára að taka þátt.

Kirkjuping unga fólkssins

ÆSKP hefur sinnt undirbuningi og framkvæmd Kirkjupings unga fólkssins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Stefnt er að því að þingið fari fram 15.-16. maí. Þar sem þing síðasta árs var fellt niður, eiga þeir fulltrúar sem búið að var að velja sem fulltrúa á það þing áfram sætin sín, geti þeir nýtt þau. Samt sem áður hvetjum við aðildarfélögini til að tilnefna fulltrúa á þingið til síns prófast. Eins að undirbúa mál í tíma til að leggja fyrir þingið. Þetta verður 15 kirkjuping unga fólkssins.

Gleðigangan

ÆSKP mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju. Hákon Darri leiðir verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 7. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfelög til þátttöku í viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúnungi atriðis ÆSKP ættu að setja sig í samband við Hákon Darra við fyrsta tækifæri.

Development meeting

Þar sem miklar breytingar hafa verið á störfum European Fellowship á síðustu árum er stefnt að halda auka skipulags og þróunarfundur í September til þess að fara í endurskilgreiningu og skipulagningu á starfi samtakana.

Haustnámskeið ÆSKP og ÆSKR

Í ár munum við fá fulltrúa frá Rauðakrossinum til að kenna okkur skyndihjálp. Námskeiðinu líkur með útgáfu skyndihjálparskírteinis sem gildir í tvö ár. Það er gífurlega mikilvægt að allir sem vinna með börnum og unglungum sæki skyndihjálpar námskeið reglulega.

Leiðtogskólinn

Reykjavík

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðssstarfsins. Í ár eru 11 nemendur af höfuðborgarsvæðinu og frá Selfossi. Stefnt er að útskrift úr 24. mars næst komandi. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu.

Austurland

Leiðtogaskólinn á austurlandi hefst um miðjan mars og er kenndur í samstarfi ÆSKA og Biskupsstofu.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður haldið á Sauðárkróki í lok október. Lokadagsetning er væntanleg, en bæjarstjórn hefur lagt upp með að mótið fari fram í vetrarfrið grunnskólans, sem hefur ekki verið ákveðið. Þema mótsins í ár er í vinnslu. Við hvetjum alla áhugasama að gefa kost á sér í landsmótsnefnd en það er hún sem á veg og vanda að skipulagningu mótsins og framkvæmd.

Eftækifæri skapast má vera að við bætum við viðburði, en einnig þarf að hafa í huga að dagskráin getur tekið breytingum eins og við höfum svo sannarlega lært á undanförnu ári.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

Tekjur			
Kirkjumálasjóður styrkur			7.000.000
Aðildargjöld	33	25.000	825.000
Janúarnámskeið þátttökugjöld			-
Landsmót mótsjöld	350	20.000	7.000.000
Landsmót styrkur frá KMS			900.000
Landsmót aðrir styrkir			300.000
Alls tekjur			16.025.000
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld			6.100.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			700.000
Janúarnámskeið			150.000
Erlent samstarf			200.000
Haustnámskeið/samstarfsverkefni			300.000
Farskóli leiðtogaefna			200.000
Sms kerfið			250.000
Annar rekstrarkostnaður			200.000
Kostnaður við landsmót			10.000.000
Alls gjöld			18.100.000
Hagnaður tap			- 2.075.000

Ársreikningur 2020

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar

við Hagatorg 107 Reykjavík

Ársreikningi skal skilað fyrir 10. febrúar ár hvert, sbr. 5. gr. l. nr. 124/1997.
og 15. gr. starfsreglna nr. 734/1998

Áritanir

Áritun skoðunarmanna:

Ég undirritaður, kjörinn skoðunarmaðurreikninga, (skoðunarmennkjörnir 4. mars 2020) hef skoðað bókhald og ársreikning Aeskþ fyrir árið 2020 og ekkert fundið athugavert.

Staður	Dagsetning
(Undirskrift)	(Undirskrift)
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Ársreikningurbessilagðurfyrir stjórnarfund til staðfestingarþann _____
og samþykktur þar samhljóða

Undirskrift formannseða fundarritara

Rekstrarreikningur ársins 2020

	2020	2019
1. TEKJ UR		
1.1 Styrkir	7.000.000	9.015.000
1.2 Tekjur Landsmóts	0	6.175.000
1.3 Félagsgjöld	675.000	825.000
1.4 Aðrar tekjur	225.000	0
	Tekjur alls	7.900.000
	<u>16.015.000</u>	
2. GJ ÖLD		
2.1 Laun og launatengd gjöld	5.996.429	4.758.169
2.2 Skrifstofu-og stjórnunarkostnaður	872.622	830.126
2.3 Annar rekstrarkostnaður	813.610	523.247
2.4 Kostnaður v.landsmóts	693.206	5.450.610
	Gjöld alls	8.375.867
	<u>11.562.152</u>	
Tekjuafgangur (tap) fyrir fjármagnsliði	(475.867)	4.452.848
2.5 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	36.255	202.392
Hagnaður (tap) ársins	(439.612)	4.655.240

Efnahagsreikningur ársins 2020

Eignir	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	156.382	202.434
2.6 Handb.fé á bankareikningum	14.868.572	15.286.420
	<u>15.024.954</u>	<u>15.488.854</u>
Eignir	<u>15.024.954</u>	<u>15.488.854</u>

31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	14.582.236	15.021.848
Eigið fé	<u>14.582.236</u>	<u>15.021.848</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar		
Skuldir við lánastofnanir	0	0
Aðrar langtímaskuldir	0	0
Fjármögnunarleigusamningar	0	0
Lífeyrisskuldbinding	0	0
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Aðrar skuldbindingar	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		
Ógr.kostn. og launatengd gjöld um áramót	442.718	467.006
	<u>442.718</u>	<u>467.006</u>
Skuldir	<u>442.718</u>	<u>467.006</u>
Eigið fé og skuldir	<u>15.024.954</u>	<u>15.488.854</u>

SJ ÓÐSTREYMI

Rekstrarhreyfingar:	2020	2019
Tekjur umfram gjöld samkvæmtrekstrarreikningi	(439.612)	4.655.240
Rekstrarliðir semhafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbæturaf langtímaskuldum.....	0	0
Afskriftir	0	0
Veltufé frá rekstri	<u>(439.612)</u>	<u>4.655.240</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfurlækkun, (hækkun)	46.052	810.685
Skammtímaskuldirhækkun,(lækkun)	(24.288)	(1.194.388)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>21.764</u>	<u>(383.703)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>(417.848)</u>	<u>4.271.537</u>
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum	0	0
Aðrar fjárfestingahreyfingar	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>(417.848)</u>	<u>4.271.537</u>
Handbært fé í ársbyrjun	<u>15.286.420</u>	<u>11.014.883</u>
Handbært fé í árslok	<u>14.868.572</u>	<u>15.286.420</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
1 Rekstrartekjur		
1.1 Styrkir frá Kirkjumálasjóði	7.000.000	9.015.000
1.1 Styrkir til sérverkefna	0	0
1.2 Mótsgjöld	0	4.423.000
1.2 Styrkir	0	1.752.000
1.3 Félagsgjöld	675.000	825.000
1.4 Aðrar tekjur.....	225.000	0
	7.900.000	16.015.000
2.1 Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	4.980.326	3.940.162
Tryggingagjald	352.618	289.959
Lifeyrissjóður	572.734	453.123
Sjúkra-og orlofsheimilasjóður	78.188	62.729
Annar starfsmannakostnaður	12.563	12.196
	5.996.429	4.758.169
2.2 Skrifstofu-og stjórnunarkostnaður		
Símakostnaður	84.890	225.791
SMS kerfi ÆSKþ	132.084	0
Hugbúnaðarleiga	155.878	147.249
Ritföng og burðargjöld.....	13.909	6.270
Aðkeypt þjónusta v.bókhalds	237.088	146.638
Gjafir og styrkir	0	0
Húsaleiga	200.000	200.000
Annar kostnaður	48.773	104.178
	872.622	830.126
2.4 Kostnaður vegna Landsmóts:		
Ferðakostnaður	0	1.582.387
Matur	0	2.147.032
Hópastarf	0	51.874
Sjoppa á balli og söfnun	0	(11.357)
Annar kostn.	129.739	410.189
Kostn.v.landmótsnefndar og sjálfbóðaliða	163.467	530.414
Laun mótsstjóra	200.000	200.000
Leiðtogausting	0	0
Leiga á húsnæði	0	0
Tryggingar	0	14.836
Tónlist & tæknimál	200.000	525.235
	693.206	5.450.610
2.3 Annar rekstrarkostnaður		
Ferðakostnaður	38.194	83.111
Erlend samskipti	249.967	110.131
Samstarf og leiðtoganámskeið	525.449	330.005
Gjalfærð áhöld	0	0
Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	0
	813.610	523.247

Sundurliðanir

	2020	2019
2.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vextir af bankainnistæðum	(53.359)	(132.467)
Innheimtirvextir	0	0
Gengishagnaður	0	0
Fjármagnstekjkustattur	0	29.024
Þjónustugjöld af bankareikningi	11.764	19.774
Þjónustugjöld kortafyrirtækja	540	6.836
Dráttarvextir	4.800	8.556
Gengistap	0	(134.115)
	(36.255)	(202.392)
2.6 Handbært fé á bankareikningum		
Tékkareikningur 0319-26-5016.....	726.970	2.527.600
Innheimta landsmóts 0322-26-5070	7.915	7.872
Arion 322-26-5080	943.739	4.751
Arion 322-22-3384	12.233.378	11.730.216
Arion 322-38-718108EUR	956.570	1.015.981
	14.868.572	15.286.420

ÖNNUR MÁL